

Kennsluáætlun

Vor 2018

Bekkur: 9.bekkur

Námsgrein: Þema – heimsreisan

Fjöldi kennslustunda: 23 kennslustundir

Kennari: Silja Kristjánsdóttir

Áfangalýsing

Heimsreisan er landafræði þema þar sem nemendur kynna sér heimsálfurnar 7 og fjölmörg lönd í gegnum fjölbreytt verkefni. Í þessu þema er engin námsbók heldur skapa nemendur námsefnið að miklu leyti sjálfir. Nemendur nota netið, auk bóka af bókasafni skólans.

Kennsluaðferðir: Leitast er við að hafa fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsverkefni og hópavinnu. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðrar vinnu og hafa val um fjölbreyttar útfærslur á verkefnum.

Námsmat: Notast er við hæfniviðmið úr Aðalnámskrá Grunnskóla. Í gegnum allt námið fá nemendur leiðsagnarmat frá kennara og samnemendum.

Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara

Vika	Dagsetning		Mín	Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
Vika 1	Mán	16. apríl	40	Kynning á nýju þema. Nemendum skipt í hópa til að vinna spurningar um heimsálfur. Dagbók.	Samfélagsfræði Nemandi geti: - aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi. - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum - komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. - sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.	Lokamat byggir á hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla. Ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í tímum, umræðum og verkefnum. Nemendur eiga að skila þemamöppum í lok þema.
	Þrið	17. apríl	40	Hópavinna. Spurningar um heimsálfur. Dagbók.		
	Mið	18. apríl	60	Hópavinna. Spurningar um heimsálfur. Dagbók.		
	Fim	19. apríl	80	Sumardagurinn fyrsti		
	Föst	20. apríl	80	Hóparnir skila spurningum til kennara og vinna að kynningum um sína heimsálfu. Dagbók		
Vika 2	Mán	23. apríl	40	Einstaklingsverkefni. Spurningar um heimsálfur. Nemendur fá spurningar sem þeir þurfa að svara. Dagbók	Lykilhæfni: Að nemandi geti: - nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan hátt. - notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem	
	Þrið	24. apríl	40			
	Mið	25. apríl	60			
	Fim	26. apríl	80	Hóparnir klára að undirbúa kynningar á sínum heimsálfum. Kynningarnar eiga að innihalda svör við spurningunum sem hóparnir settu fram. Dagbók.		
	Föst	27. apríl	80	Inngangur að heimsreisunni sjálfri. Verkefnin eru kynnt fyrir nemendum		

				og þeir fá svo að vinna þau í þeirri röð sem þeir kjósa. Dagbók.		
Vika 3	Mán	30. apríl	40	Einstaklingsverkefni. Spurningar um heimsálfur. Nemendur fá spurningar sem þeir þurfa að svara. Dagbók	- tengjast margskonar umfjöllunarefnum. - tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum. - unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi. - nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings námi sínu.	
	Þrið	1. maí	40	Verkalýðsdagurinn		
	Mið	2. maí	60	Einstaklingsverkefni. Spurningar um heimsálfur. Nemendur fá spurningar sem þeir þurfa að svara. Dagbók		
	Fim	3. maí	80	Einstaklingsverkefni. Heimsreisan. Dagbók.		
	Föst	4. maí	80	Einstaklingsverkefni. Heimsreisan. Dagbók.		
Vika 4	Mán	7. maí	40	Kynning á heimsálfunum. Svör frá hópunum. Dagbók.		
	Þrið	8. maí	40	Einstaklingsverkefni. Heimsreisan. Dagbók.		
	Mið	9. maí	60	Einstaklingsverkefni. Heimsreisan. Skila svörum við spurningum um heimsálfur. Dagbók.		
	Fim	10. maí	80	Uppstigningardagur		
	Föst	11. maí	80	Starfsdagur		

Vika 5	Mán	14. maí	40	Einstaklingsverkefni. Heimsreisan. Dagbók.		
	Þrið	15. maí	40			
	Mið	16. maí	60			
	Fim	17. maí	80			
	Föst	18. maí	80			
Vika 6	Mán	21. maí	40	Annar í hvítasunnu		
	Þrið	22. maí	40	Skil á síðustu verkefnunum. Kynningar á heimsreisu: Hver nemandi kynnir 1 af þeim löndum sem hann heimsótti. Dagbók.		
	Mið	23. maí	60	Kynningar. Skila dagbókum.		
	Fim	24. maí	80	Lokaverkefni í unglingadeild		
	Föst	25. maí	80			

Verkefni

Heimsálfurnar – hópaverkefni. Nemendur semja 10 spurningar um þá heimsálfu sem þeim hefur verið úthlutað. Spurningarnar eiga að vera til þess fallnar að þeir sem þurfa að svara þeim fræðist um mikilvæga þætti tengda heimsálfunni. Hóparnir kynna sína heimsálfu og passa að svörin við öllum spurningunum komi fram í kynningunni.

Nemendur svara spurningunum – einstaklingsverkefni. Nemendur svara spurningum um allar heimsálfurnar. Nemendur fara yfir svörin sín þegar heimsálfurnar eru kynntar og skila spurningunum leiðréttum í möppu 2 dögum eftir kynningar.

Eyjaálfa – einstaklingsverkefni. Nemendur skrifa póstkort til kennara/bekkjarins um ferðalag sitt um Eyjaálfu. Á póstkortinu á að vera mynd af frægum stað sem viðkomandi heimsótti ásamt upplýsingum um ferðalagið og það sem fyrir augu ber.

Norður-Ameríka – einstaklings eða paraverkefni. Nemendur skipuleggja roadtrip um minnst 3 fylki á 10 dögum þar sem merkilegir staðir eru heimsóttir. Nemendur senda 2 póstkort úr ferðinni, en mega ráða sjálfir hvernig þeir koma ferðalaginu annars til skila. Það er t.d. hægt að gera glærukynningu, gera myndband, skrifa dagbók eða annað sem nemendum dettur í hug. Mikilvægt er að halda utan um kostnað við ferðina, hvað þarf að hafa meðferðis og aðra mikilvæga þætti.

Heimsreisa – einstaklingsverkefni. Nemendur skipuleggja heimsreisnu þar sem að minnsta kosti eitt land í Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku og Afríku er heimsótt. Nemendur þurfa að skipuleggja flug, gistingu og hvað á að gera. Þá þarf að athuga hvort að ferðalangar þurfi sérstök ferðagögn eða sprautur til að ferðast til þessara landa. Nemendur senda póstkort frá hverju landi þar sem skemmtilegar staðreyndir um landið koma fram.

Að setja sig í spor annara – einstaklings eða paraverkefni. Nemendur þurfa að skipuleggja ferð fyrir annan en sjálfan sig til ákveðins staðar. Taka þarf tillit til sér þarfa viðkomandi einstaklings eða hóps.